

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1991 vera 390 000,00 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. janúar 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 25

REGLUGERÐ

16. janúar 1991

um breytingu á reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

1. gr.

Fjárhæðir þær, sem nefndar eru í 1. mgr. 5. gr. skulu breytast þannig:

Í tölulíð 1) komi kr. 200 þús. í stað 180 þús.

Í tölulíð 2) komi kr. 600 þús. í stað 550 þús.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 19. gr. sbr. 39. gr. stl. a) laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 72/1990 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. janúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 26

AUGLÝSING

22. janúar 1991

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í febrúarmánaði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í febrúarmánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 4,2% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 4,2% |
| 3. Afurðir hörpudiskdeildar: | Innborgun 1,0% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. janúar 1991.

Halldór Ásgrímsson.

Gylfi Gautur Pétursson.